

Aðalfundur Haga hf. 7. júní 2017

Aðalfundur Haga hf., kt. 670203-2120, verður haldinn miðvikudaginn 7. júní 2017 og hefst hann kl. 09:00 á Hilton Reykjavík Nordica, Suðurlandsbraut 2 í Reykjavík.

Dagskrá fundarins:

1. Skýrsla stjórnar félagsins um starfsemina á liðnu starfsári.
2. Ársreikningur félagsins fyrir liðið starfsár, ásamt skýrslu endurskoðanda, lagður fram til samþykktar.
3. Ákvörðun um ráðstöfun hagnaðar félagsins á reikningsárinu 2016/17.
4. Tillaga um heimild stjórnar til að hækka hlutfé félagsins um kr. 91.831.651 að nafnvirði með eftirfarandi viðbót við gr. 2.1 í samþykktum félagsins:
„Stjórn félagsins er heimilt að hækka hlutfé félagsins um kr. 91.831.651 að nafnvirði. Forgangsréttur hluthafa skv. gr. 2.3 í samþykktum félagsins gildir ekki um hið nýja hlutfé. Stjórnin skal ráðstafa hlutfjárhækkuninni til greiðslu fyrir hlutfé í Oliuverzlun Íslands hf. í samræmi við kaupsamning þar að lútandi á genginu 47,5 kr. á hlut. Hinir nýju hlutir skulu veita réttindi í félaginu frá skráningardegi hlutfjárhækkunarinnar. Hlutfé félagsins eftir hækkun verður kr. 1.263.333.841. Framangreind heimild stjórnar Haga hf. rennur út á aðalfundi félagsins árið 2018 sem áætlaður er þann 6. júní. Heimild þessi skal felld úr samþykktum þegar hún hefur verið nýtt.“
5. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna.
6. Tillaga stjórnar um starfskjarastefnu.
7. Kosning stjórnar félagsins og endurskoðanda.
8. Ákvörðun um heimild stjórnar til kaupa á eigin bréfum.
9. Umræður og atkvæðagreiðslur um önnur málefni sem löglega eru upp borin.

Ítarlegri upplýsingar um tillögur stjórnar, ársreikning og önnur gögn, ásamt upplýsingum um póstatkvæðagreiðslu, rétt hluthafa til að bera fram tillögur og framboð til stjórnar er að finna á vefsíðu félagsins, <http://www.hagar.is/hluthafaupplysingar/adalfundur/>

Stjórn félagsins vill einnig árétta að forsvarsmenn hluthafa sem sækja fundinn, þ.e. forsvarsmenn fyrirtækja, lífeyrissjóða, fjárfestingasjóða, einstaklinga og annarra hluthafa, ber að skila umboði við skráningu inn á fundinn. Einnig verða einstaklingar beðnir um að framvísa persónuskilríkjum.

Stjórn Haga hf.